

## Stjórn málaá hugi menningarelitunnar

Eftir Björn Bjarnason

Lofsverður áhugi á stjórn málum hefur vaknað vegna þeirra hremminga, sem ganga yfir þjóðina og heimsbyggðina alla um þessar mundir. Mun fleiri en áður láta sig stjórn mál varða á opinberum vettvangi og boða er til funda um stjórn mál utan hins hefðbundna ramma stjórn mála flokkanna. Verður spennandi að sjá, hverju þetta skilar og hvaða áhrif það hefur á stjórn mála þróunina.

Fyrir utan ásakanir í garð þeirra, sem fara með stjórn landsins á líðandi stundu, má greina tvo meginstrauma í umræðunum, sem hvorugur snertir þann vanda, sem við er að fást. Þar á ég annars vegar við hugmyndina um „nýtt lýðveldi“ á Íslandi, að franskri fyrirmynd, ef rétt er skilið. Og hins vegar við kröfuna um, að tafarlaust verði tekin ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Sem fyrirmynd fyrir tillögunni um „nýtt lýðveldi“ er Charles de Gaulle, Frakklandsforseti, nefndur til sögunnar. Undir lok sjötta áratugar síðustu aldar tók hershöfðinginn og stríðshetjan de Gaulle sig til og tók stjórn mála forystu til að endurhanna stjórnkerfi Frakklands. Í bók sinni Maí '68 gerir Einar Már Jónsson ágæta grein fyrir því úr hvaða jarðvegi þessar breytingar spruttu og hver urðu síðan endalok stjórn málaafskipta de Gaulles eftir stúdentaóeirðirnar í París vorið 1968. Að líkja ástandinu hér við það, sem var í Frakklandi vegna Alsírstríðsins og pólitískrar upplausnar innan flokkakerfisins er mjög langsótt.

Aðstæður hér eru ekki þess eðlis, að stjórn mála kerfið hafi brotnað upp í smáflokka eða togstreita innan flokka útiloki samstarf þeirra eða víðtæka samstöðu um lausn mála. Mikill meirihluti þingmanna stendur að baki ríkisstjórn Geirs H. Haarde og innan þess meirihluta hafa menn leitast við að ná samstöðu um úrlausn aðsteðjandi mála. Samstöðunni er helst ógnað með kröfunni um, að nú sé tekið af skarið um, að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sú krafa hefur þróast á þann veg, að það liggur í loftinu, að lagi Sjálfstæðisflokkurinn sig ekki að sjónarmiðum forystu Samfylkingarinnar í Evrópusambandsmálum kunni stjórnarsamstarfið að slitna.

Ég er þeirrar skoðunar, að með því að hafna núverandi stjórnkerfi og stofna „nýtt lýðveldi“ eða sækja um aðild að Evrópusambandinu séu menn að velja sér alltof langa leið út úr þeim vanda, sem nú steðjar að þjóðinni. Stysta leiðin fellst að sjálfsögðu í því að láta að sér kveða innan þeirra stjórn mála flokka, sem nú starfa og vinna skoðunum sínum brautargengi. Vandi þeirra, sem vilja róttæku breytingarnar er hins vegar sá, að þeir telja sig líklega yfir núverandi stjórn mála flokka hafna eða að minnsta kosti ekkert þurfa að sækja til þeirra. Dæmi um þetta viðhorf birtist við hlið leiðara Morgunblaðsins hinn 15. janúar 2009.

Pröstur Helgason hefur ritað um menningarmál í Morgunblaðið um nokkurra ára skeið og fer nú með stjórn lesbókar blaðsins, en undir ritsjórn hans hefur hún breyst í einskonar mál gagn póstmóðernista. Eitt einkenni málflutnings þeirra er lítið umburðarlyndi fyrir sjónarmiðum annarra og næsta yfirlætisfull menntaklíku-afstaða í garð manna og málefna. Í fyrrnefndri grein við hlið leiðarans 15. janúar gefur Pröstur „frat“ í landsfund Sjálfstæðisflokksins, sem boðaður er 29. janúar.

Það eitt er sérkennileg afstaða til stjórn málaumræðna á líðandi stundu, að mega varla til þess hugsa, að sjálfstæðismenn komi saman og ráði ráðum sínum á landsfundi, þrátt fyrir að kröfur til stjórnmalamanna og stjórnmalaflokka hafi tekið stakkaskiptum og áhugi á störfum þeirra sé meiri en verið hefur um langt árabíl. Hitt er enn sérkennilegra að sjá þá Ólund, sem einkennir skrif Þrastar, í garð lýðræðislegra samræðna á vettvangi stjórnmalaflokks. Beiskjan vegna landsfundarins tengist að því er virðist því mati Þrastar, að hann telur landsfundinn ekki ætla að samþykkja aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hún hefst á þessum orðum:

„Hvers vegna ætti okkur ekki að vera sama um það hvað Sjálfstæðisflokkurinn ályktar um Evrópusambandsaðild á landsfundi sínum eftir nokkra daga?

Á undanförunum vikum og mánuðum hefur nánast allt snúist um þennan blessaða landsfund. Það varð að fresta umræðu um aðild að Evrópusambandinu hjá ríkisstjórninni vegna þess að landsfundurinn átti eftir að álykta um hana. Það var heldur ekki hægt að stokka upp í ríkisstjórninni fyrir en landsfundurinn yrði búinn að álykta um Evrópusambandsaðild. Hvers vegna er sjálfsagt flestum algerlega hulin ráðgáta.“

Þröstur Helgason fylgist ekki betur með framvindu stjórn mála en hann telur, að Geir H. Haarde hafi „í upphafi kreppunnar“ ákveðið að efna til landsfundar, svo að hann gæti tekið „ákvörðun um Evrópusambandsaðild“. Ákveðið var 14. nóvember 2008 að flýta landsfundi sjálfstæðismanna og jafnframt að setja á laggirnar Evrópunefnd til að undirbúa umræður um Evrópumál á landsfundinum. Tímasetningin og efnisþátturinn eru því á annan veg en Þröstur fullyrðir í nöldurgrein sinni vegna landsfundarins.

Þröstur segir, að á þeim „þremur mánuðum“ sem liðnir séu frá 14. nóvember [þeir eru að vísu tveir] hafi Sjálfstæðisflokkurinn tapað trausti mjög margra, og þess vegna liggi í

„augum uppi að ályktun Sjálfstæðisflokksins um Evrópusambandsaðild á ekki eftir að skipta okkur miklu máli. Flokkurinn hefur einfaldlega ekki nægilegt traust til þess að hafa afgerandi áhrif á það hvað þjóðin ætlar að gera í þessum efnunum. Hann er ekki sá ráðgjafi sem maður myndi kjósa sér í mikilvægum efnunum þessa dagana.“

Hér er Þröstur sem sé að búa lesendur Morgunblaðsins undir, að álykti landsfundur sjálfstæðismanna gegn aðild að Evrópusambandinu, skipti það í raun engu máli!

Hvað sem skoðun Þrastar Helgasonar líður, er ljóst, að afstaða sjálfstæðismanna til Evrópumálanna mun ráða miklu um framvindu þeirra. Grein Þrastar er hins vegar athyglisverð, vegna þess að hún endurspeglar það viðhorf, að nú þurfi ekki að hafa skoðanir, sem mótaðar eru samkvæmt leikreglum lýðræðisins, í heiðri. Það sé eitthvert annað viðhorf, sem eigi að ráða því, hvort tekið sé mark á ákvörðunum, sem teknar eru af stjórnvöldum eða innan stjórnmalaflokka.

Ég er þeirrar skoðunar, að sjálfsagt sé að ræða skoðanir Þrastar og brjóta þær til mergjar með leikreglur stjórnmalanna að leiðarljósi og hvorki hann né aðrir bókmenn- eða menntamenn séu yfir það hafnir, að við, sem að stjórnmalum störfum, víkjum að orðum þeirra og ræðum á þann veg, sem við kjósum. Einmitt þess vegna sagði ég í dagbókarfærslu á vefsíðu minni bjorn.is 10. janúar síðastliðinn:

„Morgunblaðinu er síður en svo alls varnað. Kolbrún Bergþórsdóttir ræðir í dag við Gauta Kristmannsson, þýðingafræðing og dósent við Háskóla Íslands, og fræðir lesendur um sjónarmið hans á Evrópumálum, sem falla auðvitað að skoðun Kolbrúnar og blaðsins um

nauðsyn þess, að Ísland gangi í Evrópusambandið.

Spyrja má, hvaða þýðingu það hafi, að þýðingafræðingur segi: „Málið er að við hefðum átt að gera það fyrir löngu (að fara í Evrópusambandið); að kvótamistökunum frátöldum eru það sennilega stærstu pólitísku mistök síðustu ára að hafa ekki gerst þátttakendur ESB fyrir mörgum árum.“

Leyfði sér einhver vel menntaður maður, án þess að vera þýðingarfræðingur, að tala á þennan hátt um þýðingar og leggja þungan dóm á þær, myndi Gauti áreiðanlega svara honum á þann veg, að hann hefði ekkert vit á því, hvernig ætti að þýða, þótt hann kynni bæði tungumálin, sem um væri að ræða.

Gauti veit ekki aðeins betur en aðrir um kvóta og ESB. Hann segir um þá, sem stýra landi og fjármálakerfi, að þeir hafi „bara“ verið „svo miklir amatörar“, að þeir hafi ekki getað gert betur og eigi það bæði við pólitíkusa og bankamenn. Loks lýsir Gauti vanþóknun á þeim „sem vilja ekki horfast í augu við staðreyndir heimsins og vilja bara taka upp annan gjaldmiðil af því að það er gjaldeyriskreppa.“

Hið merkilegasta við viðtalið er, að Kolbrún skuli ekki hafa spurt Gauta að því, hvers vegna hann bjóði sig ekki fram til að leysa mál þjóðarinnar, það hlyti alla vega að hafa mikla þýðingu.“

Gauti Kristmannsson bregst við þessari ádrepu minni í Morgunblaðinu 14. janúar og telur mig vera að gera lítið úr menntun sinni. Gauti segir:

„Ég get upplýst Björn um að doktorsnám í þýðingafræði er langt og strangt og þar sem ég tók fyrir tilurð þjóðarbókmennta í Bretlandi og Þýskalandi á 18. og 19. öld þá krafðist það verkefni mikilla rannsókna á öllum þeim grunnhugtökum sem notuð eru til að skilgreina þjóðir, þjóðerni, ríkjasambönd, fullveldi, þjóðtungur, þjóðmenningu og annað í þeim dúr. Ég geri ráð fyrir að hugmyndasögulegur bakgrunnur minn á þessu sviði sé töluvert umfangsmeiri heldur en krafa er gerð um t.d. í lögfræðinámi án þess að ég vilji nokkuð gera lítið úr því námi, það er einungis öðruvísi uppbyggt. Björn getur kynnt sér þetta í bókum mínum Literary Diplomacy I: The role of translation in the construction of national literatures in Britain and Germany 1750-1830 og Literary Diplomacy II: Translation without an original, Frankfurt: Peter Lang, 2005.“

Gauti segist hafa beitt „ísköldu“ hagsmunamati við að komast að þeirri niðurstöðu að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Ég dreg það ekki í efa, en ég sé ekki, að hann sé í neinni aðstöðu til að dæma þá, sem sinna hér stjórnámum og bankámum sem „amatöra“ í krafti menntunar sinnar. Viðleitnin á bakvið fullyrðingar Gauta um menn og málefni er hin sama og hjá Þresti Helgasyni, að setja sig á háan hest og dæma þá úr leik sem hálfgerða bjálfa, sem eru þeim ósammála.

Þetta er í ætt við viðhorf Brussel-elítunar, sem má ekki til þess hugsa, að verk hennar á stjórnmalasviðinu séu lögð undir dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu.